

hvort sem henni yrði varið til kaupa á hluta fyrirtækis stefnda eða ekki, og hann eigi því rétt til að fá hana greidda, þar eð víst er, að eigi verður af kaupum.

Í margnefndum samningi aðiljanna er eigi gert ráð fyrir, að framlag stefnda til ferðakostnaðar og til námsdvalar sé afturkræft, og verður endurgreiðslukröfu stefnda því eigi sinnt. Ekki er annað í ljós leitt en stefnanda hafi verið heimilt að greiða dvalarkostnað sinn í Englandi af því fé, er hann veitti viðtöku þar vegna stefnda. Í málinu hefur stefnandi lagt fram greinargerð um þennan kostnað, og hefur stefndi til vara krafizt þess, að frá þessum kostnaði verði dregið £ 31-3-10, er hann telur óeðlileg útgjöld.

Gegn mótmælum stefnanda þykir þessi krafa eigi svo rökstudd, að hægt sé að taka hana til greina.

Úrslit málsins verða því þau, að kröfur stefnanda verða teknar til greina að öllu leyti. Málskostnaður ákveðst kr. 900,00.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

#### D ó m s o r ð :

Stefndi, Ottó B. Arnar, greiði stefnanda, Birni Ólafssyni, kr. 6.225,81 með 6% ársvöxtum frá 7. janúar 1951 til greiðsludags og kr. 900,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 24. nóvember 1954.

Nr. 75/1954. **Ákærvaldið** (Jón N. Sigurðsson)

gegn

**Péttri Guðmundssyni** (Guttormur Erlendsson).

**Dómendur:**

**hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Einar Arnalds borgardómari.**

Fiskveiðabrot.

#### Dómur Hæstaréttar.

Framhaldsrannsókn hefur verið háð í málinu eftir uppsögu héraðsdóms.

Friðrik Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, hefur markað á sjóuppdrátt staðarákvarðanir yfirmanna varðskipsins, sem getið er í héraðsdómi. Reyndist staður varðskipsins

við dufl það, sem sett hafði verið út hjá b/v Sólborgu, um 2.3 sm., skip ákærða kl. 01.10 hinn 16. apríl 1954 um 1.3 sm. og ljósdufl, sem lagt var frá varðskipinu kl. 01.36 sama dag milli skips ákærða og b/v Skúla Magnússonar, um 1.5—1.6 sm. innan fiskveiðitakmarkanna. Að þessu athuguðu og þar sem gullgengi krónunnar hefur eigi breytzt eftir uppsögu héraðsdóms, þykir mega staðfesta hann að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum á ákærði að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2.000,00 til hvors.

### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Pétur Guðmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Jóns N. Sigurðssonar og Guttorms Erlendssonar, kr. 2.000,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

### Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. apríl 1954.

Ár 1954, mánudaginn 19. apríl, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1489/1954: Ákæruvaldið gegn Péttri Guðmundssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Ákærður er Pétur Guðmundsson, skipstjóri á togaranum Hafliða, SI. 2, til heimilis á Laugavegi 147 í Reykjavík, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðabrot samkvæmt 1. gr. laga nr. 5/1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, um breyting á þeim lögum, með því að hafa verið að flotvörpuveiðum á nefndum togara aðfaranótt föstudagsins 16. apríl 1954 vestur af Vestmannaeyjum innan markalínu þeirrar, sem ákveðin er í 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 82/1952. En til vara er hann ákærður fyrir að hafa gerzt sekur um brot samkvæmt 2. gr. laga nr. 5/1920 með því að hafa í fyrrnefnt sinn eigi haft

veiðarfærin öll í búlka innan borðs. Er hann því ákærður til að seta refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 81/1952, og til upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 9. október 1916 að Hrólfskála á Seltjarnarnesi, og hefur eigi sætt ákæru eða refsingu, svo að kunnugt sé, að því undanskildu, að hann var hinn 3. september 1935 sektaður á Siglufirði um kr. 30,00 fyrir götu-óspektir og hinn 27. janúar 1953 sektaður hér í bæ um kr. 75,00 fyrir umferðarlagabrot.

Samkvæmt eiðfestri skýrslu Pórarins Björnssonar, skipherra á varðskipinu Ægi, var varðskipið föstudaginn 16. þ. m. statt við ljósdufl, sem það hafði sett út við b/v Sólborgu, ÍS. 260, og var í 10.0 sjómílna fjarlægð frá Þríðröngum og 7.8 sjómílna fjarlægð frá Einidrang eða 2.4 sjómílnur innan fiskveiðitakmarkanna NV af Einidrang. Kl. 01.10 sáust tveir togarar rétt hvor hjá öðrum í réttvísandi 267° og í 1.2 og 1.4 sjómílna fjarlægð. Var þegar haldið að togurunum. Kl. 01.21 var skotið lausaskoti að togurunum, og sneri þá annar þeirra, sem var b/v Hafliði, SI. 2, hér um bil heilan hring til stjórnborða og lýsti umhverfis sig með ljóskastara. Kl. 01.32 var skotið skörpu skoti, og námu þá togararnir staðar og drógu inn vörpunar. Kl. 01.36 var látið út ljósdufl milli togaranna, sem reyndust vera áðurnefndur togari og Skúli Magnússon, RE. 202, og hafði b/v Hafliði stjórnborðsvörpu í sjó. Bátur var sendur frá varðskipinu yfir að b/v Hafliða til að sækja skipstjóran, ákærða, og var hann fluttur yfir í varðskipið til yfirheyrslu. Þar var honum tjáð, að hann væri að veiðum innan fiskveiðitakmarkanna, og kom það honum á óvart, þar sem hann taldi sig vera utan þeirra. Hann kvaðst hafa verið að kasta, og við athugun á vörpu hans sást, að enginn fiskur var í henni né heldur á þilfari. Var ákærði síðan fluttur aftur yfir í skip sitt og ákveðið að bíða birtu til frekari staðar-ákvörðunar.

Kl. 10.25 var settur út bátur frá varðskipinu og ákærði og skipstjórinn á b/v Skúla Magnússyni sóttir í skip sín og fluttir yfir í varðskipið. Kl. 10.52 var farið að áðurnefndu ljósdufli b/v Sólborgar, og þaðan staðsettu skipstjórar togaranna ásamt yfirmönnum varðsksipsins b/v Skúla Magnússon, sem lá fast við ljósdufl það, sem lagt hafði verið út milli togaranna um nóttina og áður er getið, og miðaðist b/v Skúli Magnússon í réttvísandi 277° og mældist í 1.4 sjómílna fjarlægð eftir ratsjá frá áður staðsettu dufli b/v Sólborgar. Mældist staður duflsins þannig 1.6 sjómílnur innan fiskveiðitakmarkanna. Dýpi á stað þess var 90 metrar. Að þessari staðsetningu lokinni var kl. 11.09 haldið aftur til togaranna, skipstjórar þeirra fluttir hvor í sitt skip og þeim sagt að sigla til Reykjavíkur. Meðan skipstjórnir voru í varðskipinu við Sólborgardufl, athuguðu þeir ratsjárfjarlægðir í Þríðranga og Einidrang og sam-

þykktu staðarákvörðun varðskipsins við þetta dufl. Veður var SSV 6, sjór SSV 4, þokuloft, loftvog 767,0. Mælingu varðskipsins kl. 01.10 gerðu skipherrann og III. stýrimaður, en mælinguna kl. 10.52 skip-herra og I. stýrimaður, og hafa stýrimennirnir staðfest skýrslur sínar um þetta atriði og annað, sem þeir hafa borið í máli þessu, með eiði.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann telji skýrslu skipherrans rétta, þar á meðal, að duflið hafi verið 1.6 sjómílar innan fiskveiðitakmarkanna, þegar staður þess var mældur kl. 10.52, og um athafnir togarans á þessum tíma skýra ákærði og stýrimaður togarans svo frá, að hann hafi verið að kasta stjórnbörðsflotvörpunni, og voru varpan, „grandrópar“ og vörpuhlerar komin í sjó. Getur þetta vel samrýmt lýsingu III. stýrimanns og bátsmanns varðskipsins á ástandi veiðarfæra togarans, þegar þeir fóru um borð í hann til að sækja ákærða, og telst því sannað, að athafnir togarans hafi verið þær, sem ákærði og stýrimaður togarans hafa lýst. Ákærði hefur skýrt svo frá, að þegar þetta gerðist, hafi hann verið nýkominn á þessar slóðir vestan af Selvogsbanka. Kl. 23.35 kveðst hann hafa fært sig til skipa, sem sögðust vera 20 sjómílar NVaV frá Þríðröngum. Kl. 01.35 taldi hann togarann vera staddan 15 sjómílar NVaV $\frac{1}{2}$ V frá Þríðröngum, en í þann mund kom varðskipið að honum. Samkvæmt þessu taldi ákærði sig vera 1—2 sjómílar utan fiskveiðitakmarkanna. Ákærði miðaði radióvitann í Vestmannaeyjum, og stað skipsins kl. 01.35 ákvarðaði hann eftir þessari miðun og dýpinu, sem var 50 faðmar. Fjarlægðarmælingu gerði hann enga, og ratsjá skipsins, sem hafði verið í gangi allan daginn, var í óstandi, þegar hér var komið, og gagnslaus.

Ákærði hefur haldið því fram, að togarann kunni að hafa rekið fyrir straumi og vindi í áttina til lands, frá því að varðskipið kom að honum og þar til duflið var sett út, og einnig, að duflið kunni að hafa rekið í áttina til lands, og geti þetta valdið þeim mun, sem hann segir verið hafa á stað duflsins um morguninn og stað togarans, þegar varðskipið kom að honum.

Í tilefni af þessu hefur dómurinn kvatt tvo skipstjóra til að skoða duflið og legufæri þess, og hafa þeir gefið lýsingu á því, sem sýnir, að hvort tveggja hefur verið í góðu standi, og er upplýst, að akkerið var stökkakkeri. Samkvæmt upplýsingum skipherrans var um nóttina SSV 6 vindstíg og sjór SSV 4, en ákærði segir vindinn hafa verið SSV 6—7 og mikinn vestanstraum. Hvorugur þeirra mældi styrkleika straumsins.

Sannað er, að legufæri duflsins voru í góðu lagi og greið, bæði þegar það var sett út og tekið inn, og hafa skipherrann og allir stýrimenn varðskipsins eiðfest það afdráttarlausu álit sitt, að duflið hafi ekki rekið. Að öllum aðstæðum athuguðum telur dómurinn eigi ástæðu til að ætla, að duflið hafi rekið, a. m. k. ekki neitt, sem máli skiptir. Einnig er það álit dómsins, að ekki sé mögulegt, að

togarinn hafi borizt vegna vinds, öldugangs eða straums 1.6 sjómílar inn fyrir fiskveiðitakmörkin, — hvað þá enn lengri leið alls, eins og ákærði virðist gefa í skyn, — frá því varðskipið kom að honum og þar til duflíð var sett út. Vera má, að skipið hafi borizt eitthvað í átt til lands vegna vinds og straums á þessari stuttu stundu, en fráleitt er, að það orki því, að togarinn teljist hafa verið utan fiskveiðitakmarkanna, þegar varðskipið kom að honum.

Eins og áður segir, hefur ákærði skýrt svo frá, að hann hafi verið að kasta stjórnborðsflotvörpu togarans, þegar varðskipið kom að honum, og hafi hún, „grandrópar“ og vörpuhlerar verið komin í sjó. Hljóta þessar aðgerðir að teljast veiðiaðgerðir í skilningi laga nr. 5/1920.

Þar sem það því er sannað, að ákærði hefur verið að veiðum með flotvörpu innan fiskveiðitakmarkanna, hefur hann gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, og ber að ákveða honum refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 81/1952.

Með tilliti til stærðar togarans, 677 brúttó smálesta, og núverandi gullgildis íslenzkrar krónu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 74.000,00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Auk þess skal allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans Hafliða, SI. 2, vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun verjanda hans, Guttorms Erlendssonar hrl., kr. 800,00.

Mál skipstjórans á b/v Skúla Magnússyni er afgreitt sérstaklega.

Dóm þennan kváðu upp Valdimar Stefánsson sakadómari og meðdómendurnir Jónas Jónasson og Pétur Björnsson, skipstjórar.

#### D ó m s o r ð :

Ákærði, Pétur Guðmundsson, greiði kr. 74.000,00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans Hafliða, SI. 2, skulu vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, Guttorms Erlendssonar hrl., kr. 800,00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.